

## **Festi hf.: Niðurstöður aðalfundar 5. mars 2026**

Aðalfundur Festi hf. var haldinn fimmtudaginn 5. mars 2026 klukkan 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Helstu niðurstöður fundarins eru sem hér segir.

---

**1. Fundurinn samþykkti ársreikning móðurfélags og samstæðureikning félagsins fyrir árið 2025.**

**2. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2025 var samþykkt.**

Greiddur aður til hluthafa verður að fjárhæð kr. 7,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa þann 9. apríl 2026. Arðleysisdagur er 5. mars 2026 og arðréttindadagur 6. mars 2026.

**3. Niðurstaða stjórnarkjörs.**

Stjórnarkjör fór fram á fundinum og voru eftirfarandi einstaklingar sjálfkjörnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Edda Blumenstein  
Guðjón Auðunsson  
Guðjón Reynisson  
Hjörleifur Pálsson  
Sigurlína Ingvarsdóttir

Stjórn hefur skipt með sér verkum og er Hjörleifur Pálsson formaður stjórnar og Sigurlína Ingvarsdóttir varaformaður stjórnar.

**4. Tillaga stjórnar um áframhaldandi skipun Höllu Thoroddsen, Ingu Bjargar Hjaltadóttur og Tómasar Eiríkssonar í tilnefningarnefnd var samþykkt.**

**5. Tillaga stjórnar um áframhaldandi tilnefningu Björgólfs Jóhannssonar sem utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd var samþykkt.**

**6. Deloitte ehf. var kosið endurskoðunarfirma félagsins fyrir árið 2026.**

**7. Ákvörðun var tekin um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar sem hér segir:**

Stjórnarformaður kr. 976.000 á mánuði, varaformaður stjórnar kr. 730.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn kr. 488.000 á mánuði.

Nefndarmenn í starfskjaranefnd kr. 79.500 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 148.500 á mánuði.

Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd kr. 122.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 239.000 á mánuði.

Nefndarmenn í tilnefningarnefnd kr. 148.000 á mánuði og formaður tilnefningarnefndar kr. 191.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingarráðs kr. 112.000 á mánuði og annar ráðsmaður kr. 79.000 á mánuði.

**8. Uppfærð starfskjarastefna félagsins var samþykkt á fundinum.**

Samþykkt starfskjarastefna félagsins er aðgengileg í viðhengi.

**9. Eftirfarandi tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum var samþykkt sem og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins:**

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 5. mars 2026 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2027. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

---

Nánari upplýsingar veitir Ásta S. Fjeldsted, forstjóri Festi – [asta@festi.is](mailto:asta@festi.is)